

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 13. desember 2019

UST201904-162/S.M.

08.14.02


Reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar

Þann 2. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Ein ábending var gerð í eftirlitinu og þrjú frávík komu fram er varða:

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi urðunarstaðarins gildi til 1. júlí 2018 og undanþága frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti gildi til 1. maí 2019. Urðunarstaðurinn er því rekinn án starfsleyfis.
2. 5. lið I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna efna sem fjúka. Frágangur þekjulags er ekki fullnægjandi, af því hefur hlotist fok úrgangsefna og kvartanir borist. Frágangur úrgangs og urðunarreina í Auratúni og Mýrdal er ekki ásættanlegur.
3. 6. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang má eingöngu urða óvirkan úrgang og á urðunarstað fyrir almennan úrgang má urða allan annan úrgang en spilliefni. Ekki er heimilt að urða spilliefni á urðunarstaðnum. Rafgeymir í urðunarrein telst spilliefni, sbr. I. viðauka við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. janúar, 2020.


Sigríður Magnúsdóttir

Virðingarfyllst


Gottskálf Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



| | | | |
|----------------------------|-------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 2.9.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Fjarðabyggð Þernunesi | Eftirlitsmaður | Hákon Hansson |
| Heimili | Sorpstöð Fjarðarbyggðar | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4706982099 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Íris Dögg Aradóttir | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sigmundur Sigmundsson | Staðsetning | 741265,622 507688,102 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða starfsleyfissskylda starfsemi án starfsleyfis, fok og ófullnægjandi frágangur urðunarreina og urðun spilliefna. Ein ábending var gerð er varðar lausa hunda á urðunarstaðnum. Tvö eldri frávik er varða botnpéttingar og söfnun hauggass haldast opin þar til úrbætur hafa verið gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson, með í för var Dröfn Svanbjörnsdóttir heilbrigðisfulltrúi og Íris Dögg Aradóttir fulltrúi Fjarðarbyggðar.

Urðunarstaðirnir, bæði í Auratúni og Mýrdal var skoðað, viðstaddur var fulltrúi verktaka Sigmundur Sigmundsson. Á eldri hluta urðunarstaðarins eru rör niður í jarðveg, þar sem gas hefur verið mælt, en gasi ekki safnað. Síðastliðið vor barst kvörtun um fok frá urðunarstaðnum og væri rusl fast í girðingum um staðinn. HAUST tilkynnti kvörtun til umsjónarmanns og Fjarðarbyggðar. Við eftirlit sáust ekki merki um fok. Urðun fer fram í skipulegum urðunarreinum, tvöfalt net er strengt yfir reinarnar þar til mokað er yfir þær. Lagt er til að fyrirkomulag á lokun urðunarreina verði endurskoðað og þær huldar með jarðvegi reglulega. Í eftirlitinu fóru einnig fram sýnatökur á fráveituvatni frá urðunarstaðnum í Mýrdal skv. samkomulagi þar um milli heilbrigðiseftirlits og rekstraraðila.

Á vettvangi kom fram að girðing um svæðið væri í góðu ásíðkomulagi og í henni voru ekki fokefni, ekki sáust merki um fok innan girðingar urðunarstaðarins, unnið er að stækkun urðunarstaðarins til suðurs, innan girðingar. Einnig kom fram að hylja þurfi betur úrgangur í urðunarreinum. Rafgeymir sást í urðunarrein og var starfsmanni bent á að fjarlægja hann.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi urðunarstaðarins gildi til 1. júlí 2018 og undanþága frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti gildi til 1. maí 2019. Urðunarstaðurinn er því rekinn án starfsleyfis.

5. lið I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna efna sem fjúka. Frágangur þekjulags er ekki fullnægjandi, af því hefur hlotist fok úrgangsefna og kvartanir borist. Frágangur úrgangs og urðunarreina í Auratúni og Mýrdal er ekki ásættanlegur.

6. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Á urðunarstað fyrir óvirkan úrgangur má eingöngu urða óvirkan úrgangur og á urðunarstað fyrir almennan úrgangur má urða allan annan úrgangur en spilliefni. Ekki er heimilt að urða spilliefni á urðunarstaðnum. Rafgeymir í urðunarrein telst spilliefni, sbr. I. viðauka við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgangur og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

ANNAÐ

Einnig var viðstödd eftirlitið fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Austurlands Dröfn Svanbjörnsdóttir.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2019



Sigríður Magnúsdóttir

